



Hestamannafélagið Glaður

Sunnubraut 7
370 Búðardal
www.gladur.is

Stjórnarfundur 21. júní 2016

Endurritað úr fundargerðarbók Glaðs á ábyrgð ritara:

Fundur í stjórn Hestamannafélagsins Glaðs.

Mættir á fund voru Þórður, Heiðrún Sandra, Þórarinn, Viðar, Vilberg og Svala forfallaðist.

1. Að sækja um starfsstyrk til UDN og ætlar Þórður að ganga frá því fyrir 1. júlí, er þetta öðruvísi fyrir komulag en fyrri ára.
2. Landsmót er á næsta leiti og eru 6 hestar að fara á mótið að þessu sinni og búið er að ganga keppnisgjöldum og hólfum fyrir hestana á meðan móti stendur. Þórður var búinn að tala við formann Skugga síðastliðið haust um að krakkarnir sem fara á vegum Glaðs geti fengið tilsögn og hjálp fyrr og á meðan á Landmóti stendur. Og þetta allt þetta var að detta í gang og er líklegt að krakkarnir myndu nýta sér þessa þjónustu. Hópreiðin á Landmótinu þar sem við sendum fulltrúa frá okkar félag, tala við keppendur frá okkur hvort þau geti verið fulltrúar okkar á í hópreiðinni á setningunni og var farið yfir hvar fánar og annar fylgirhlutir séu og hver gæti tekið með sér á mót.
3. Hugleiðingar um inntöku nýrra heiðursfélaga í félagið og talað um gaman að gera það á 90 ára afmæli Glaðs.

Fundi slitið kl 22:00

Vilberg Þráinsson